



Formannafundur 2. apríl 2014

Fundargerð

Formannafundur deilda Aftureldingar var haldinn með aðalstjórn félagsins miðvikudaginn 2. apríl. 2014 í fundaraðstöðu félagsins að Varmá og hófst kl. 18:30.

Mætt: Auður Gunnarsóttir aðalstjórn, Hekla Klemenzdóttir aðalstjórn, Geirarður Long aðalstjórn, Guðjón Helgason formaður aðalstjórnar, Anna Sigurðardóttir aðalstjórn, Dagný Kristinsdóttir badmintondeild, Ingólfur Garðarsson knattspyrnudeild, Gunna Stína blakdeild, Sigrún Huld fimleikadeild og Steinunn A. Ólafsdóttir frjálssíþróttadeild. Ester verkefnastjóri og Indriði framkvæmdastjóri sátu einnig fundinn.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Hreinsunarátak bæjarins.

Á fundinn mættu Þorsteinn Sigvaldason og Bjarni Ásgeirsson frá áhaldahúsinu og fóru yfir skipulag bæjarhreinsunar sem deildir Aftureldingar taka þátt í að framkvæma í lok mánaðarins.

N1 styrkur og kortasöfnun.

Indriði framkvæmdastjóri og Ester verkefnastjóri fóru yfir stöðu á N1 styrksamningi gagnvart deildum. Greint var frá miskilningi sem varð við upphafs útborgun á styrknum á síðasta ári. Ester verkefnastjóri fór yfir stöðu einstakra deilda. Deildir munu fá þessi gögn send og verða í frekari sambandi við starfsfólk skrifstofu út af einstaka málum. Indriði fór yfir söfnun benzinkorta og hvernig best yrði staðið að söfnun þeirra í hverfum bæjarins. Guðjón kom með tillögu um að skiptingu á heimili þegar kortaumsóknirnar eru bornar út fari eftir iðkendafjölda í barnastarfi hvernar deildar fyrir sig. Umræður urðu um þetta og hvernig best væri að skipta bænum niður í svæðin.

Kynning á verkefni Aftureldingar „Framtíðin“.

Indriði fór yfir. Kynningarfundur verður fimmtudaginn 10. apríl n.k. í sal 1 að Varmá kl. 20.00. Formenn beðnir um að hvetja foreldra og stjórnarfólk til að fjölmenna á fundinn með því að auglýsa hann vel á innra neti deilda. Framkvæmdastjóri ætlar að senda út skjal - auglýsingu til formanna nú þegar sem allar deildir geti sent áfram á sína foreldrahópa og inn á bloggsíður flokka.

Kynning frá fimleikadeild.

Sigrún Huld kynnti gæðakönnun sem fimleikadeild stóð fyrir á innra starfi sínu á dögnum. Það var Rebekka yfirþjálfari sem samdi og stóð fyrir þessu skemmtilega verkefni. Formenn voru mjög sáttir við verkefnið sem stendur nú öllum deildunum til boða að gera á sambærilegan hátt. Frábært framtak sem hiklaust aðrar deildir gætu nýtt sér til að fá álit foreldra á starfinu sem unnið er í deildum félagsins. Slík könnun gefur bara tækifæri á að gera gott starf betra og markvissara.

Búninganefnd

Guðjón kynnti stöðu mála hjá búninganefnd félagsins. Gunna Stína taldi að samningur sem fyrir liggur sé mjög góður og viðbætur sem kom inn í hann góðar þegar að ákvæði í samningi um framlengingu hans

var rætt við Errera menn. Aðeins 5 formenn deilda voru mættir á fundinn og var því kynningu á nýjum samningi frestað til næsta formannafundar.

Önnur mál.

- Gunna Stína reifaði hvort hægt sé að setja upp horn í anddyri íþróttahússins þar sem hægt væri að hafa til sölu vörur sem merkar eru félaginu. Umræður um hvernig þessu gæti verið háttað. Hugmynd rædd um að koma jafnvel á nefnd til að klára þetta mál. Indriði nefndi möguleika á netverslun sem hluta af heimasíðu.
- Gunna Stína kom með hugmynd að nýtingu styrkja. Hvort hægt sé að verja þeim að hluta til til meistaraflokka sem komast í úrslitakeppni Íslandsmóta vegna aukakostnaðar sem af úrslitakeppni leiðir.
- Dagný formaður badmintondeildar taldi að skipta ætti Íslandsbankastyrk jafnt á milli deilda félagsins.

Fundi slitið kl. 20.30

Indriði Jósafatsson
Auður Gunnarsdóttir
(sign.)